

SAMÞYKKT um meðhöndlun úrgangs í Hafnarfjarðarkaupstað

1. gr. Gildissvið.

Samþykkt þessi gildir fyrir meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. hirðu, söfnun og förgun úrgangs, í Hafnarfjarðarkaupstað.

2. gr. Almenn ákvæði.

Meðhöndlun úrgangs skal vera samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar og reglugerðar nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs og laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Umhverfis og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar ber ábyrgð á úrgangsmálum og samskiptum við þá aðila sem þeim viðfangsefnum tengjast. Bæjarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd söfnunar á úrgangi, rekstur söfnunarstöðva, móttökustöðva, flokkun og/eða förgun úrgangs. Skal sá rekstraraðili hafa starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og Umhverfisstofnun eftir því sem við á.

3. gr. Markmið.

Markmið samþykktarinnar er:

- að tryggja að meðhöndlun úrgangs sé í samræmi við lög og reglugerðir.
- að stuðla að úrgangsforvörnum.
- að lágmarka það úrgangsmagn sem fer til förgunar með því að auka endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs.
- að lágmarka kostnað samfélagsins við meðhöndlun úrgangs.
- að kostnaður vegna úrgangs greiðist af þeim sem úrganginum veldur. Landsáætlun og svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs er lögð til grundvallar samþykkt þessari.

4. gr. Umsjón og eftirlit.

Umhverfis og skipulagsþjónusta fer með ákvörðunarvald í málefnum sem varða meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu í umboði bæjarstjórnar. Umhverfis og skipulagsþjónusta fer með daglega yfirstjórn þessara mála samkvæmt samþykkt þessari. Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis hefur eftirlit með meðhöndlun úrgangs skv. 4. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs, og að farið sé að þessari samþykkt.

5. gr. Skyldur sveitarfélagsins.

Hafnarfjarðarbæ ber skylda til að safna öllum heimilisúrgangi, flokkuðum og óflokkuðum, sem til fellur frá heimilum í Hafnarfirði, annaðhvort með söfnun heimilisúrgangs heim til íbúa eða að bjóða upp á viðeigandi söfnunarstöðvar.

6. gr. Úrgangur frá fyrirtækjum.

Rekstraraðilar skulu sjálfir sjá um að koma úrgangi sem fellur til við reksturinn í viðeigandi meðhöndlun. Óheimilt er að geyma rekstrarúrgang á lóðum lengur en nauðsyn getur talist.

7.gr. Söfnun á heimilisúrgangi.

Söfnunarlát skulu vera við heimili og er sérhverjum húsráðanda skylt að nota þau ílát og/eða þær aðferðir við geymslu og meðferð úrgangs sem Hafnarfjarðarbær ákveður hverju sinni í samræmi við lög og reglur þar að lútandi. Aðeins er heimilt að setja úrgang sem fellur til við venjulegt heimilishald í sorpílát sem ætluð eru fyrir heimilisúrgang og rúmast í þau sorpílát sem samþykkt eru af bæjarstjórn. Notendur skulu ávallt fara eftir þeim fyrirmælum sem fyrir liggja við flokkun úrgangs. Húseigendur og húsfélög geta sótt um þjónustu/losun á fleiri sorpílátum til Hafnarfjarðarbæjar gegn gjaldi.

8. gr. Sorpílát.

Íbúar Hafnarfjarðar þurfa sjálfir að útvega sér sorpílát og geta keypt þau í Þjónustumiðstöð Hafnarfjarðar. Ílátin eru eign og ábyrgð íbúa og gerð þeirra skal vera samþykkt af Umhverfis og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar. Hafnarfjarðarbær þjónustar hefðbundin 240L og 660L ílát.

Í sumum tilvikum er leyfilegt að vera með djúpgáma og skulu þeir þá uppfylla staðalinn IST EN 13071 og skal afla samþykkis Umhverfis og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar fyrir gerð og staðsetningu.

9. gr. Staðsetning sorpílláta og aðgengi.

Sorpílát skulu höfð í þar til gerðum sorpskýlum eða sorpgeymslum ef hægt er að koma því við og skulu þau staðsett þannig að aðgengi að þeim frá götu sé gott. Ef um fjölbýlishús er að ræða skal staðsetja ílát saman eða sameinast um ílát. Sorpgeymslur eða sorpílát skulu standa sem næst aðkomu að lóð. Húseigandi skal halda greiðfærri leið að sorpíllátum m.a. með því að hreinsa burt snjó á vetrum. Sorpílát skulu jafnan standa lokuð og ekki fyllt meira en svo að auðveldlega megi loka þeim. Sé þessum ákvæðum ekki fylgt eftir er þeim sem safnar úrgangi frá heimilum heimilt að skilja hann eftir. Húsráðanda er skylt að skila umframsorpi á viðurkennda móttökustaði. Að öðru leyti er vísað til gildandi byggingarreglugerðar og reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

10. gr. Grenndar- og endurvinnslustöðvar

Hafnarfjarðarbær rekur í samstarfi við SORPU bs grenndarstöðvar og endurvinnslustöðvar sem taka á móti flokkuðum úrgangi. Hafnarfjarðarbær ákveður staðsetningu grenndarstöðva.

11. gr. Annar úrgangur og umgengni á almannafæri.

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma rusl, garðaúrgang eða annan úrgang á víðavangi, á götum, gangstígum eða opnum svæðum í sveitarfélaginu. Tæki og hlutir sem ekki eru í almennri eða stöðugri notkun skal geyma þannig að nágrannar og vegfarendur hafi ekki ama af. Bifreiðar og önnur skráningarskyld ökutæki skulu geymd á þar til gerðum stæðum. Óheimilt er að geyma skráningarskyld ökutæki án skráningarmerkja, kerrur, tæki, vinnuvélar, báta eða aðra hluti á almennum bifreiðastæðum, á götum eða á almannafæri. Sé brotið gegn þessu verða þau tæki, hlutir eða ökutæki fjarlægð og bera eigendur þeirra allan kostnað af þeirri framkvæmd.

12. gr. Upplýsingar og fræðsla.

Á heimasíðu bæjarins eru upplýsingar um fyrirkomulag sorphirðu í bæjarfélaginu, skyldur íbúa til að flokka, meðferð úrgangs, móttöku og förgun.

13. gr. Gjaldtaka.

Hafnarfjarðarbær innheimtir gjald fyrir förgun úrgangs í samræmi við ákvæði 1. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Þá innheimtir sveitarfélagið gjald fyrir alla aðra meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laganna. Gjöldin skulu ákvörðuð og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæðum 23. gr. sömu laga. Leitast er við að gjöldin séu næst raunkostnaði sem verður til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi, svo og við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarstjórn er heimilt að haga gjaldskrá fyrir sorphirðugjöld með þeim hætti að það hvetji íbúa til að draga úr sorpmagni sem fer til urðunar.

Gjaldið miðar við að hver íbúðarhluti fái þjónustu á eitt grátt 240L og eitt blátt 240L ílát eða ígildi þeirra. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjaldskránni skal vísa til þessarar samþykktar.

14. gr. Refsiviðurlög.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum VIII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og 68. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

15. gr. Gildistaka.

Samþykkt þessi sem er sett samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, staðfestist hér með og öðlast þegar gildi.